



**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,  
Nefndasvið, Austurstræti 8 – 10,  
101 Reykjavík.**

Reykjavík 30.nóvember 2020

### **Umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun**

Félagi íslenskra leikara og sviðslistafólks hefur borist til umsagnar stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um listamannalaun nr. 57/2009.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu; „*Umsóknum um starfslaun fjölgað umtalsvert á síðastliðnum áratug eða frá því að lög um listamannalaun, nr. 57/2009, tóku gildi. Aukið framboð í námi í listgreinum, þá ekki síst með tilkomu Listaháskóla Íslands, gerir það að verkum að fleiri sækja sér menntun í listum og gera að atvinnu sinni. Misjafnt er hvaða möguleika listamenn hafa til að afla sér tekna með listsköpun sinni.*“

Að hafa tækifæri til að sækja um listamannalaun til að hrinda í framkvæmd hugmyndum að listrænum verkefnum er ekki bara atvinna fyrir listamenn heldur eitthvað sem auðgar samfélagið með fjölbreyttum hætti. Það er nærandi fyrir þá sem njóta listanna, skilar afleiddum störfum og þar með skatttekjum fyrir ríkissjóð. Listamannalaun eru hornsteinn nýsköpunar og framþróunar í sviðslistum á Íslandi. Stærsti hópurinn sem starfar að sviðslistum er sjálfstætt starfandi og grunnfjármögnun starfseminnar byggist á listamannalaunum. Við getum auðvitað ekki annað en stutt framvarpið sem nú liggur fyrir en okkur langar að koma með tillögu til að gera betur. Við erum eftirbátar þeirra landa sem við berum okkur saman við í stuðningi við sjálfstætt starfandi listamenn og þannig erum við í raun að tapa. Sú viðspyrna sem hið opinbera hefur sýnt vegna Covid ætti að vera viðvarandi stuðningur við hinar skapandi greinar og við hvetjum til aukningar því þarna liggja tækifæri til verðmætasköpunar. Hvert nýtt starf á þessum vettvangi hefur margfeldisáhrif út í samfélagið, bæði fjárhagslega sem er mælanleg en einnig á andlega heilsu þjóðarinnar.

### **Mánaðarföldinn og áætlun um aukningu**

Fjöldi mánaða er stöðugt umræðuefni í samfélagi sjálfstætt starfandi listamanna. Á árunum 2010 – 2012 fjölgaði mánaðargildum um 400. Það gera upb 133 í árlega aukningu. Á tímabilinu 2013 – 2020 hefur engin aukning orðið á mánaðarfjölda ef frá er talinn

viðbragðsaðgerð stjórnvalda vegna Covid. Við hvetjum stjórnvöld til uppbyggingar á launasjóðakerfinu með skilvirkum hætti þannig að á næstu fimm árum – frá 2021 til 2025 verði árlega bætt við amk. 150 mánaðargildum við hverja ársúthlutun.

Tillaga okkar er ennfremur að eigi síðar en árið 2024 verði skoðuð þróun og gerð ný áætlun vega launasjóða fyrir árin 2026 – 2030. Við lýsum eftir framtíðarsýn vegna launasjóða listamanna, það er óviðunandi að framlag til sjóðanna sé í frosti svo árum skiptir. Með því að hafa skýra áætlun sýna stjórnvöld vilja sinn og þeim sé alvara með því að „...gróska í listnámi og skapandi greinum spili lykilhlutverk í að auka samkeppnishæfni Íslands til framtíðar. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar tekur sérstaklega mið af þessu þar sem kveðið er á um að efla listnám og styrkja umhverfi skapandi greina.“ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2017/12/09/Listnam-og-skapandi-greinar-eru-framtidin/>

Fyrir árið 2020 voru 1.600 mánuðir í pottinum. Jafnmargir mánuðir og árin 2019, 2018, 2017, 2016, 2015, 2014, 2013 og 2012. Sótt var um alls 11.176 mánuði árið 2020. Þarna þarf að augljóslega að bæta við ef alvara er á bak við það markmið að styrkja umhverfi skapandi greina. Rannís hefur einnig haldið utan um tölfræði vegna fjölda umsókna á ári hverju sem er áhugavert að kynna sér og styður þörfina fyrir umtalsverða aukningu inn í sjóðinn. <https://www.rannis.is/sjodir/menning-listir/starfslaun-listamanna/uthlutanir/>

### **Upphæð listamannalauna**

Við viljum til upplýsinga vekja athygli á upphæðinni – listamannalaun eru núna árið 2020 kr. 407.413 sem greidd eru sem verktakagreiðsla. Þegar lágmarks framlag vinnuveitenda hefur verið tekið frá (tryggingargjald, lífeyrissjóður og önnur sjóðagjöld ) þá er upphæðin orðin kr. 277.000 og af því reiknast svo launaskattur og framlag launþega í lífeyrissjóð.

Verktakar njóta ekki þeirra lágmarkskjara sem samið er um á vinnumarkaði, fá ekki laun fyrir viðurkennda frídaga, fá ekki greidda desember – eða orlofsuppbót, eiga ekki rétt á launum í veikindatilfellum, eru ekki slysatryggðir og svo mætti áfram telja. Réttarstaða verktaka er gerólík réttarstöðu launafólks. Kannski er þetta hið eina rétta form fyrir listamannalaunagreiðslur en það má alveg hugsa sér þetta á annan veg og mögulega ætti handhafi listamannalaunanna að fá að velja hvort hann er launþegi eða verktaki, upphæðin þarf í það minnsta að hækka, hvernig sem greiðslufyrirkomulagið er.

### **Athylisverður útúrdúr sem væri frábær viðbót við kerfin okkar.**

Að síðustu er hér ábending um verkefni sem frændur okkar norðmenn og svíar hafa þróað á undanföllum árum og kallast Alliance – kerfið og heldur utan um sjálfstætt starfandi leikara og dansara og einnig fyrir tónlistarmenn í Svíþjóð. Alliance verkefni er einnig í innleiðingu í Finnlandi enda margsannað að kerfið er atvinnhvetjandi og verðmætaskapandi leið fyrir hóp háskólamenntaðra listamanna sem búa við mjög lítið starfsöryggi.

Við höfum trú á að íslensk stjórnvöld geri sér grein fyrir mikilvægi framlags listamanna til samfélagsins og séu tilbúin að grípa þau tækifæri sem felast í því að byggja betur undir starfsemi þessa hóps

Alliance kerfið gæti sannarlega virkað fyrir aðra og fleiri en sviðslistafólk. Sviðslistir, tónlist, hönnun það eru allir þarna úti, í gróskunni, tilbúnir til að tengja sig við aðra starfsemi samfélagsins, búa eitthvað til, skapa eitthvað nýtt. Ef Covid hefur kennt okkur eitthvað þá var það einmitt dýrmæt lexía að sjá hversu illa kerfin okkar eiga við sjálfstætt starfandi listamenn. Hér kemur verðmætaskapandi kerfi að norrænni fyrirmynd sem virkar frábærlega á venjulegum tímum en er líka til staðar þegar virkilega kreppir að og gæti þá tekið við tímabundinni innspýtingu.

Í Noregi er eitt prógramm fyrir bæði dansarar og leikara <https://skuda.no/>

Í Svíþjóð eru reknar þrjár miðstöðvar; fyrir leikara <https://teateralliansen.se/>

Fyrir dansara <https://dansalliansen.se/> og fyrir tónlistarmenn <https://musikalliansen.se/>

Við látum hér staðar numið, við vildum bara nýta þetta góða tækifæri til að kynna fyrir ykkur tilbúið norrænt kerfi sem við erum sannfærð um að kæmi íslensku samfélagi að góðum notum. Allir tenglarnir hafa grunnupplýsingar einnig á ensku.

Hafi þingnefndin áhuga gætum við fengið stjórnendur þessara miðstöðva til að fara nánar yfir starfsemina með ykkur á fjarfundi.

Þökkum að lokum fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sviðslistafólks á framfæri

Virðingarfyllst f.h. Félags íslenskra leikara og sviðslistafólks

Birna Hafstein, formaður FÍL

Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri FÍL